

Samningur milli Fjölbrautaskólans við Ármúla og Landspítala – háskólasjúkrahúss um verknám og starfsþjálfun nemenda í FÁ á starfsmenntabrautum

1. Inngangur

Aðilar samnings þessa eru Fjölbrautaskólinn við Ármúla/Heilbrigðisskólinn (FÁ) kt. 590182-0959 og Landspítali - háskólasjúkrahús (LSH) kt. 500300-2130.

Aðilar samningsins áforma að eiga samstarf um kennslu og leiðsögn nemenda á starfsmenntabrautum á heilbrigðisviði FÁ.

Ákvæði samningsins gilda um nám og þjálfun nemenda við FÁ sem sækja verknám og starfsþjálfun á LSH (sjá fylgiskjal 1). Í samningi þessum vísar verknám til ólaunaðs náms og starfsþjálfun til launaðrar þjálfunar, eins og fram kemur í námskrá FÁ. Reglur námsbrauta gilda um námið eftir því sem við á en ef þær reglur eru ósamrýmanlegar samningi þessum, gilda ákvæði samningsins.

2. Grundvöllur

Með samningi þessum tekur Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar (SKVP) að sér, fyrir hönd LSH, að sjá sjúkraliða- og lyfjatækninemum í verknámi fyrir námsplássum í samræmi við námskrár og óskir FÁ, eftir því sem kostur er hverju sinni (fylgiskjal 2). Jafnframt tekur SKVP að sér að veita upplýsingar um starfsþjálfunarpláss í samræmi við námskrár sem eru til reiðu fyrir nemendur í lækningaritarnámi, nemendur í hjúkrunar- og móttökuritun, nemendur í sjúkraliðanámi og í framhaldsnámi sjúkraliða.

Á grundvelli samningsins eru gerðar verklagsreglur um einstaka þætti.

3. Umsjónaraðili/námsstjórn

FÁ hefur umsjón með náminu og annast umsýslu þess, þ.e. upplýsingagjöf til nemenda, tilkynningar, upplýsingar í kennsluskrá og annað (fylgiskjal 3). Við upphaf verknáms á LSH skal nemendum kynnt hvaða sameiginlegir skilmálar LSH og FÁ gilda um þátttöku þeirra í náminu (fylgiskjal 4).

4. Verknám á Landspítala - háskólasjúkrahúsi

LSH leitast við að veita þeim nemendum, sem FÁ óskar eftir að stundi verknám innan spítalans, aðstöðu til þess sem og aðgang að viðeigandi efniviði í samræmi við þær reglur sem um námið gilda. LSH leitast jafnframt við að veita nemendum, sem óska eftir að stunda starfsnám innan spítalans, aðstöðu til þess með sama hætti.

5. Fjárhagsleg samskipti

Laun til nemenda í starfsþjálfun (sjá fylgiskjal 1) eru greidd af LSH, enda eru gerðir ráðningarsamningar við nemendur. FÁ greiðir leiðbeinendum kennslulaun.

6. Þagnarskylda

Aðgangur nemenda að gögnum spítalans fellur í öllum tilvikum undir reglur LSH um aðgangsheimildir og aðrar reglur, sem þar eru í gildi. Öllum þeim sem að starfsnáminu koma er óheimilt að viðlagðri ábyrgð að skýra óviðkomandi aðilum frá atriðum er þeir fá vitneskju um, í námi, starfi eða við kennslu á LSH, og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða fyrirmælum kennara/yfirmanna eða eðli máls.

Kennslustjóri viðkomandi starfsmenntabrautar FÁ sér til þess að nemendur í verknámi skrifi undir þagnareid áður en verknám hefst á LSH (fylgiskjal 5). Nemendur í starfsþjálfun undirrita þagnareid um leið og þeir skrifa undir ráðningarsamning.

7. Réttindi og skyldur nemenda

Nemendur FÁ á starfsmenntabrautum, sem stunda verknám á LSH samkvæmt samningi þessum, hafa margvísleg réttindi og skyldur innan LSH meðan á námsdvöl stendur (sjá fylgiskjal 4). Nemendur í starfsþjálfun njóta réttinda í samræmi við ráðningarsamning.

8. Gildistími og uppsögn

Samningurinn gildir í 5 ár frá undirritun.

Aðilar samningsins geta á gildistímanum haft frumkvæði að breytingum á honum og skal það gert ef forsendur breytast að verulegu leyti.

Reykjavík, 12. janúar 2006

Gísli Ragnarsson
skólameistari
Fjölbrautaskólans við Ármúla

Magnús Pétursson
forstjóri
Landspítala - háskólasjúkrahúss

Fylgiskjöl
samnings milli Fjölbrotaskólans við Ármúla
og Landspítala - háskólasjúkrahúss
um verknám og starfsþjálfun nemenda í FÁ á starfsmenntabrautum
janúar 2006

Fylgiskjal 1. Nemendur FÁ sem stunda nám á LSH - lengd námstímans

Samkvæmt samningi þessum er lengd verknáms og starfsþjálfunar nemenda FÁ á LSH eftirfarandi:

Verknám:

- Sjúkraliðanemar: 9 vikur
- Lyfjatækninemar: 14 vikur

Starfsþjálfun:

- Læknaritaranemar: 6 mánuðir
- Hjúkrunar- og móttökuritaranemar: 6 mánuðir
- Sjúkraliðanemar: 16 vikur
- Sjúkraliðar í framhaldsnámi: 8 vikur

Fylgiskjal 2. Verklag við beiðnir um námspláss á LSH fyrir nemendur FÁ

Áætlun og beiðni FÁ um fjölda nemenda í verknámi fyrir næsta skólaár og skiptingu á deildir, ásamt stundafjölda í klínísku námi, skulu sendast SKVP í byrjun júní ár hvert vegna haustmíssis, en í byrjun október vegna vormíssis. SKVP mun svara beiðni FÁ eigi síðar en mánuði eftir að hún berst.

Nemendur FÁ í sjúkraliðanámi stunda alla jafna verknám á LSH á eftirfarandi tímabili: Fyrstu sjö vikur ársins fyrir áfanga VIN-205 og VIN-305 og 3vikur frá miðjum maí fyrir áfanga VIN-105.

Áætlun og beiðni um fjölda starfsþjálfunarplássu skulu berast SKVP í byrjun febrúar ár hvert.

Fylgiskjal 3. Gátlisti vegna nemenda FÁ í verknámi eða starfsþjálfun á LSH

- Nemandi hefur undirritað eyðublað í tvíriti um þagnarskyldu gagnvart LSH. Annað eintakið er í vörslu FÁ. Samrit hefur verið sent SKVP, LSH.
- Nemandi sem ekki hefur þegar fengið „Auðkenniskort nemenda“ fær það á Eiríksgötu 5, (sími 543-1371). Kortið er með mynd og það gildir þar til nemandi útskrifast, en þá á viðkomandi að farga því. Ætlast er til að allir nemendur beri slíkt auðkenniskort. Óheimilt er að nota kortið þegar nemandi er ekki í verknámi eða starfsþjálfun.
- Kannað hefur verið hvort nemandi hefur unnið, legið á eða fengið meðferð á erlendri sjúkrastofnun sl. sex mánuði. Leita þarf að **MÓSA** (Meticillín ónæmum Staphylococcus aureus) hjá þeim nemendum sem það hafa gert. Leit er gerð á göngudeildum á LSH við Hringbraut (543-2201) og í Fossvogi (543-2040) og er nemendum að kostnaðarlausu. Staðfesting á neikvæðu svari þarf að liggja fyrir hjá FÁ áður en verknám hefst.
- Nemendum sem ekki hafa farið í **berklapróf** síðan þeir hófu þetta nám hefur verið ráðlagt að gera það. Það er gert á lungna- og berklavarnardeild Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg. Tímapantanir eru í síma 585-1390. Berklaprófið er nemendum að kostnaðarlausu.
- Skv. III. kafla 20 gr. laga um almannatryggingar er nemandi sem stundar nám á LSH slysatryggður meðan á námi þar stendur. Nemandinn nýtur ekki frekari tryggingaverndar af hálfu opinberra aðila, en er eindregið hvattur til að íhuga stöðu sína og þá vernd sem einkavátryggingar veita. Nemendur í klínísku námi njóta sömu tryggingaverndar og starfsmenn spítalans að því er varðar bótaábyrgð gagnvart sjúklingum, enda vinna þeir undir handleiðslu og á ábyrgð starfsmanna á LSH. Nemendur í sjúkraliðanámi, sem vegna náms síns, og síðar starfa, kunna að komast í snertingu við blóð, blóðhluta eða sýni, sem geta innihaldið smitefni, eru hvattir til að láta bólusetja sig gegn lifrabólgu B áður en verknám hefst. Bólusetning fæst á deild atvinnusjúkdóma- og ónæmisvarna, Heilsuverndarstöð.

Fylgiskjal 4. Réttindi og skyldur nemenda FÁ á LSH

Við störf sín sem tengjast náminu njóta nemendur FÁ sömu tryggingaverndar og starfsmenn LSH, enda vinna þeir undir handleiðslu og á ábyrgð starfsmanna LSH, sem leiðbeina þeim hverju sinni. Nemendur hafa aðgang að mötuneytum LSH og fá afnot af vinnufatnaði.

Nemendur hafa aðgang að þjónustu og gögnum bókasafns LSH í Eirbergi á meðan þeir eru í námi

Nemendur skulu bera auðkenniskort sem sýni greinilega að þeir eru nemendur.

Nemendur skulu undirgangast bólusetningar og aðrar þær öryggisráðstafanir, s.s. MÓSA ræktun, sem gilda um starfsmenn spítalans á hverjum tíma.

Samningsbundin réttindi fara eftir ákvæðum einstakra samninga. Laun nemenda í starfsþjálfun fara eftir gildandi samningum.

Fylgiskjal 5a. Þagnarskylda

Áður en verknám hefst skrifa nemendur undir eyðublað um þagnarskyldu, sjá meðfylgjandi fylgiskjal 5b, í tvíriti. Annað eintakið er í vörslu FÁ, en hitt sendist til SKVP og geymist þar.

Fylgiskjal 5b.

ÞAGNARSKYLDA

Ég undirrituð/undirritaður staðfesti hér með að mér er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem ég fæ vitneskju um í námi eða starfi á LSH, og leynt skulu fara samkvæmt lögum, samkvæmt fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls.

Þagnarskyldan helst þótt ég láti af starfi, ljúki námi eða hætti.

Öll vitneskja um sjúklinga, sjúkdóma þeirra og meðferð er að sjálfsögðu háð þagnarskyldu.

Reykjavík,

.....
Undirskrift

.....
Undirskrift